

# SAMÞYKKT

## um meðhöndlun úrgangs í Skagafirði

### I. Almenn ákvæði

#### 1. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Undir þetta ákvæði fellur ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts, brotamálma og annars flokkaðs úrgangs í samráði við og undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Sveitarstjórn sér til þess að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

#### 2. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast sorphirðu frá íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hafa eftirlit með starfseminni. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu og móttöku annars úrgangs, þ.m.t. móttöku spilliefna, brotajárns og landbúnaðarplasts. Þeir aðilar sem þetta annast skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Sorpörgun skal framkvæmd undir yfirstjórn og á ábyrgð sveitarstjórnar. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum að sjá um sorpförgun og samskipti við þá aðila sem við á.

#### 3. gr.

Húsráðendum s.s. húseigendum og öðrum umráðamönnum húsnæðis er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarstjórn ákveður hverju sinni, í samráði við heilbrigðiseftirlit og í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpílát skulu staðsett þannig að aðgengi að þeim sé alltaf auðvelt frá götu. Húsráðanda ber að halda opinni greiðfærri leið að sorpílátum á losunardeg. Þau skulu staðsett saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal tekið tillit til sorpgeymslna við skipulagningu.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílátum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim. Sorpílát verða á ábyrgð húsráðenda og skulu þeir tryggja að ávalt sé þannig frá þeim gengið að ekki stafi af þeim fohætta.

#### 4. gr.

Hvert heimili skal hafa tvær sorptunnur, 240 lítra plasttunnur, önnur fyrir óendurnýtanlegt sorp sem fer í urðun (svört tunna). Í þá tunnu verður látið 35 lítra brúnt hólfr fyrir lífrænan úrgang. Hin tunnan er fyrir flokkaðan úrgang til endurvinnslu (græn tunna). Húsráðandi þarf sjálfur að útvega sér svörtu tunnuna en þá grænu útvegar Sveitarfélagið. Brúna hólfr í svörtu tunnuna útvegar Sveitarfélagið einnig ásamt boxi í „eldhússkáp“ fyrir lífrænan úrgang. Í fjölbýlis- rað- og parhúsum er heimilt að íbúar taki sig saman um sorpílát.

Í dreifbýli verða íbúar sjálfir að koma sorpi sínu flokkuðu í sorpgáma sem staðsettir eru á tilteknum stöðum.

#### 5. gr.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Sorphirðumönnum ber aðeins skylda til að losa viðurkennd sorpílát.

Óheimilt er að láta dýrahæ, garðaúrgang, jarðvegsefni, (þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h.) brotajárn, húsgögn, raftæki og annan grófan úrgang í sorpílát og gáma. Slíkum úrgangi, skal komið á viðurkennda losunarstaði. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætt er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorphlát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorphlátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda er heimilt að skila umframsorpi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins.

#### **6. gr.**

Hirða heimilissorps skal fara fram reglulega eftir fyrirfram gerðri áætlun, staðfestri af sveitarstjórn.

Íbúum skal kynnt tíðni sorpsöfnunar með hæfilegum fyrirvara.

Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örar en gert er ráð fyrir samkvæmt áætlun þar um, skal húsráðandi sjálfur og á eigin kostnað losa í flokkunarstöð eða í viðeigandi gáma á fyrirfram ákveðnum stöðum.

#### **7. gr.**

Fyrirtæki, stofnanir, bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi skulu sjálf sjá um sorphirðu framleiðsluúrgangs. Frágangur og umgengni um sorphlát, svo og flutningur á úrgangi frá þessum aðilum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits. Staðsetning sorpgáma vegna framleiðsluúrgangs skal vera í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar þar um, eða ákvæði deiliskipulags.

## **II. Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs**

#### **8. gr.**

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðiseftirlits, til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur þeim raunkostnaði sem verður til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar.

Gjöld skal miða við hvert heimili, hvort sem um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld á fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt magni úrgangs, þ.e. samkomulagi við viðkomandi.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

Sveitarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá fyrir sorpgjöld með þeim hætti að það hvetji íbúa til að draga úr sorpmagni sem fer til urðunar.

## **III. Ýmis ákvæði**

#### **9. gr.**

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma henni á framfæri við tæknideild Sv.fél.Skagafjarðar eða framkvæmdaraðila. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn, getur hann skotið málinu til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

#### **10. gr.**

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og annan úrgang á götum, gangstígum við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Það sama á við um númerslausar bifreiðar, báta eða

önnur tæki. Starfsmönnum sveitarfélagsins er heimilt, í umboði heilbrigðiseftirlits, að fjarlægja hluti sem eru geymdir þannig að í bága fari við hollustuhátta- og mengunarreglugerðir. Heimilt er að undangenginni viðvörðun að fjarlægja slíka hluti. Skal viðvörðunin vera í formi límmiða, sem festur er á tækið. Viðvörðunin skal auðkennd Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslusvæði fyrir framangreinda hluti og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í algjöru lágmarki. Öðrum er skylt að sækja um geymslusvæði fyrir slíka hluti og verða þau erindi afgreidd af tæknideild sveitarfélagsins.

**11. gr.**

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. og laga nr. 55/2003 um meðferð úrgangs

**12. gr.**

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Skagafjarðar staðfestist hér með, samkvæmt 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25 gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Skagafjarðar

---